

ALDUR
15-18

Leiðbeiningar um skólaverkefni

Þessar leiðbeiningar innihalda hugmyndir og tillögur að verkefnum fyrir bekkinn og verkefnum þar sem allur skólinn, foreldrar og aðrir hagsmunaaðilar taka þátt í að stuðla að notalegu umhverfi án aðgreiningar.

Þessi nálgun að hafa alla sem tengjast skólanum með í verkefnum er mjög mikilvæg. Börn á flóttu öðlast ekki aðeins þekkingu í skóla, heldur byggja þau upp mikilvæg félagsleg tengsl og sambönd sem tengja þau við gestgjafasamfélag sitt, foreldra, kennara, skólustjórnendur og félagasamtök.

ÁÐUR EN HAFIST ER HANDA

Leiðbeiningar um þátttöku flóttafólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd og farandfólks í skipulagningu kennslustunda.



Áður en byrjað er að vinna í verkefnunum sem fjalla um flóttamenn, hæli, þjóðerni og farandfólk er gott að gefa sér tíma og hugsa um nemendurna sem eru í bekknum.

Eru einhverjir þeirra flóttamenn, er einhver sem er í ferli að sækja um hæli, eða eru þeir ríkisfangslausir? Ef svo er, væri skynsamlegt að tala við viðkomandi nemendur og foreldra þeirra um verkefni sem eru fram undan. Þetta fer að sjálfsögðu eftir aldri nemenda.

Ef mögulegt er skaltu nota hugmyndir og endurgjöf frá foreldrum og nemendum og vísa í þau til að svara spurningum, þó aðeins að því gefnu að þau hafi tekið það skýrt fram að þau hafi áhuga á að svara spurningum eða ræða um þessi mál.

Ríkisfangslausir einstaklingar hafa ekki formlegt ríkisfang í neinu landi. Ríkisfangsleysi getur komið fram í mörgum mismunandi aðstæðum.

Til dæmis eru sumir þjóðernis- eða trúarhópar ekki viðurkenndir samkvæmt landslögum sem ríkisborgara þess lands, sum börn eru fædd utan þess lands þar sem foreldrar þeirra eru ríkisborgarar og geta hvorki öðlast ríkisborgararétt í því landi þar sem þau fæddust né í landi foreldrar sinna.

Sum lönd eru með lög sem banna barni að erfa ríkisfang móður sinnar við fæðingu. Ríkisfangslausir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum með að fá aðgang að grundvallarréttindum svo sem menntun, heilbrigðisþjónustu, atvinnu og ferðafrelsi. Án þessara réttinda eiga þau oft í erfiðleikum og þurfa að takast á við margar hindranir og vonbrigði.

Varið varlega í að nota orð eins og „land“ og „þjóðerni“ ef það eru ríkisfangslausir nemendur í bekknum. Í staðinn er hægt að nota orðin „heimili þitt“ eða „menning þín.“

SKÓLAVERKEFNI

Hérna eru nokkur verkefni sem þú getur gert með nemendum þínum til þess að hjálpa þeim að nýta lærdóm sinn um flóttamenn til aðgerða.

HÆFNIVIÐMIÐ

1

Að skilja hvernig hægt er að koma upplýsingum á framfæri á mismunandi vegu og hvernig villandi og rangar upplýsingar eru stundum notaðar í fjölmiðlum. Að ýta undir gagnrýna hugsun.

Staðreynd, skáldskapur, og einhvers staðar þar á milli?

Skref 1: Skiptu nemendum í litla hópa. Veldu einhver átök sem hafa orsakað aukningu í fjölda flóttamanna, umsækjenda um alþjóðlega vernd eða ríkisfangslausra einstaklinga sem hafa verið í fréttum undanfarið. Biddu nemendur um að vinna í hópum þar sem þeir taka einn fjölmiðil eða pólitíska fréttaveitu og rannsaka átökin út frá því sjónarhorni.

Skref 2: Hóparnir eiga að setja saman möppu með hugmyndum, staðreyndum, tölum um fjölda flóttamanna og öðrum upplýsingum út frá sjónarhorni þess fjölmiðils eða fréttaveitu sem þeir völdu.

Skref 3: Skipulegðu umræður með því að gefa hverjum hópi u.þ.b. þrjár mínútur til að kynna sínar niðurstöður um átökin og úthlutaðu hverjum hópi aukatíma til þess að spyrja hina hópana spurninga.

Skref 4: Eftir umræðurnar skaltu biðja hvern hóp um að finna út eins mikið og þeir geta um það hvernig fjölmiðillinn sem þeir notuðu fann sínar upplýsingar.

Skref 5: Í næstu lotu skaltu leiða umræður með öllum bekknum þar sem hóparnir ræða um réttmæti heimildanna sem þeir notuðu. Hver hópur getur síðan skrifað hugleiðingu um það sem þeir lærðu af þessari æfingu um staðreyndaleit, lestur greina og aukinn skilning á umheiminum.

Tillaga að lokaorðum til umræðu – ætti að fela í sér umræður um hvort sumar heimildir séu áreiðanlegri en aðrar og þá hvers vegna. Það gæti verið gagnlegt að vísa [vefsíðu](#) Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem inniheldur gögn og aðra tölfræði þar sem Flóttamannastofnun SP fylgist með aðstæðum um allan heim og tekur þátt í skráningu flóttamanna.

HÆFNIVIÐMIÐ

2 | Að sýna aðstæðum einstaklinga sem eru ríkisfangslausir samkennd.

Skipulegðu vettvangsferð þar sem nemendur eru í 3-6 manna hópum ásamt einum kennara eða öðrum starfsmanni skólans.

Skref 1: Farið er með hópana ásamt kennara eða starfsmanni í annan hluta borgarinnar þar sem þeir eru skildir eftir án peninga, strætisvagnafarmiða, greiðslukorta eða skilríkja. Kennarinn eða starfsmaðurinn mun passa upp á öll þessi skjöl.

Skref 2: Markmiðið er að nemendur reyni að komast aftur í skólann án þess að nota skilríki, farmiða eða önnur skjöl. Þeir verða að halda hópinn og vera með starfsmanni skólans allan tímann. Í viðurvist starfsmannsins þurfa þeir að ræða við fólk í kringum sig og útskýra að þeir þurfi að komast aftur í skólann.

Skref 3: Biddu nemendur um að skrifa niður þær mismunandi aðferðir sem þeir nota til að eiga samskipti við fólk, finna upplýsingar, reyna að finna út úr því hvar þeir eru, o.s.frv.

Skref 4: Þegar nemendur eru komnir aftur í skólann skaltu hefja umræður um mismunandi hindranir sem þeir mættu og þær aðferðir sem þeir notuðu til að sigrast á þeim. Nemendur gætu skrifað niður hugleiðingar, annað hvort hver fyrir sig eða í hópum, um upplifunina af þessu verkefni og hvernig þeim leið að hafa hvorki skilríki né peninga sem er nauðsynlegt að hafa til að komast aftur í skólann. Hugleiðingar nemenda gætu verið grundvöllur fyrir víðtækari umræðu um hvað það þýðir að vera ríkisfangslaus og hafa engar sannanir fyrir því hvert þú ert.

Skref 5: Á meðan á umræðunum stendur gæti kennarinn kynnt hugtakið farandfólk sem hefur enga réttarstöðu í landinu sem það er statt í fyrir nemendum. Hver gæti verið munurinn á reynslu einstaklings sem er ríkisfangslaus og farandfólks sem hefur enga réttarstöðu í því landi? Til hvers gætu þau leitað til að fá aðstoð ef þau lentu í vandræðum? Gætu þau beðið lögregluna um aðstoð? Hvað með sendiráð heimalands þeirra?

Tillögur að lokaorðum til umræðu og fyrir ritgerðir- ættu að vísa til þess að sumt fólk neyðist til að lifa allt sitt líf án þess að tilheyra neins staðar vegna þess að það er ríkisfangslaut. Sumir geta líka verið án réttarstöðu í landinu sem þeir eru fæddir í eða hafa búið í mestan hluta ævinnar. Að lokum gætir þú beðið nemendur um að velta þeirri áskorun fyrir sér hvað þeir gætu gert til að breyta aðstæðum einstaklings sem er ríkisfangslaus.

3

HÆFNIVIÐMIÐ

Að skilja aðstæður barna sem eru nýkomin til landsins og sækja um alþjóðlega vernd í landinu mínu.

Sumar móttökumiðstöðvar hafa tækifæri til að kynna sér málsmeðferð umsækjenda um alþjóðlega vernd þar í landi.

Skref 1: Leitaðu upplýsinga á netinu eða hafðu samband við tiltekna móttökumiðstöð til að kanna hvaða möguleika þessar miðstöðvar hafa til að skilja móttökukerfið og ferlið við að sækja um alþjóðlega vernd.

Skref 2: Sumar miðstöðvar gætu sent samskiptafulltrúa til að heimsækja bekkinn þinn eða skólann og í sumum löndum gæti verið möguleiki á því að eiga samskipti við annað ungt fólk, til dæmis með því að senda bréf eða halda fótboltaleik eða fara í aðra leiki.

Skref 3: Athugaðu hvaða möguleikar eru í boði á þínu svæði til að fræðast meira um reynslu barna og nemenda sem sækja um alþjóðlega vernd.

4

HÆFNIVIÐMIÐ

Að sýna aðstæðum barna á flóttu sem eru nýkomin til landsins samkennd.

Skrifaðu bréf til ungmenna á flóttu sem eru nýkomin til landsins og lýstu því hvernig lífið er í skólanum á þessum stað. Það er hægt að fara í móttökumiðstöðvar fyrir flóttafólk og afhenda ungmennunum bréfin þar.

Tillaga að lokaorðum til umræðu – „Takk fyrir að skrifa þessi bréf til nemenda sem eru nýkomnir til landsins. Það er mikilvægt að velta fyrir sér aðstæðum annarra þegar við getum.“

5

HÆFNIVIÐMIÐ

Að læra hvernig á að vinna saman að því að skapa eitthvað sem allir geta tekið þátt í. Að skilja að framlag allra er mikilvægt.

Taktu þátt í skapandi samvinnu með þemað flóttafólk eða ríkisfangsleysi og deildu því með samfélaginu með því að bjóða foreldrum eða halda sýningu fyrir skólann eða aðra bekki.

Það gæti verið kostur ef tækifæri gefst til þess að vinna með flóttamönnum og ríkisfangslausu fólki eða félagasamtökum sem vinna með flóttamönnum og ríkisfangslausu fólki.

Ef flóttamennirnir hafa ekki haft tök á að taka þátt í sköpunarferlinu væri í staðinn hægt að bjóða þeim á sýninguna. Það gæti verið fræðandi fyrir nemendur að hlusta á flóttamennina

Dæmi 1: Að búa til og halda sýningu.

Dæmi 2: Að halda danssýningu eða sýna leikrit.

Dæmi 3: Að skipuleggja ljóðaflutning.

Dæmi 4: Að skrifa sögubók.

Tillaga að lokaorðum til umræðu – „Þetta var frábært verkefni og allir lögðu sitt af mörkum. Það er dýrmæt leið fyrir okkur til að læra hversu mikilvægt framlag hvers og eins er.“

6

HÆFNIVIÐMIÐ

Að gefa börnum og fjölskyldum tækifæri til að læra hvernig er að búa saman í samfélagi.

Haldið móttökukvöld eða mánaðarlegan morgunverð fyrir nýja nemendur í skólanum í upphafi hvers skólaárs með leikjum sem veita öllu samfélaginu tækifæri til að hafa samskipti sín á milli.

Nemendur geta eldað rétti frá sínu landi og haldið kynningu á skólanum og skólastarfinu.

7

HÆFNIVIÐMIÐ

Að skilja fjárhagslegu hliðina sem fylgir því að vera umsækjandi um alþjóðlega vernd.

Skref 1: Biddu bekkinn um að skipta sér í hópa og kanna hversu háar upphæðir umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa aðgang að á meðan þeir bíða eftir niðurstöðu um umsókn þeirra.

Skref 2: Taktu nemendur með í vettvangsferð í nálæga matvöruverslun til að sjá hvernig þeir myndu eyða peningunum.

Skref 3: Veltu fyrir þér hvers konar önnur fjárhagsaðstoð gæti hjálpað fjölskyldu með börn á skólaaldri og kannaðu hvort hún er í boði. Er gert ráð fyrir upphæð fyrir vetrarfátnaði og er sú upphæð nógu há?

Skref 4: Eftir að hafa lært um þetta skaltu spyrja nemendur hvernig þeim líði og hvort þeir hafi einhverjar hugmyndir að verkefnum sem gætu haft áhrif, til dæmis að standa fyrir fjáröflun, gefa afsláttarmiða fyrir farsíma, skrifa til stjórnámálanna, eða með því að bjóða upp á aðra þjónustu eða aðstoð við hópa.

Tillaga að lokaorðum til umræðu - „Þetta hefur verið gefandi og gagnlegt verkefni sem hefur hjálpað okkur að skilja hvernig við erum að styðja við fjölskyldur flóttamanna sem koma til landsins.“

8

HÆFNIVIÐMIÐ

Að skilja hvernig við sem einstaklingar getum haft áhrif á samfélagið í kringum okkur og á líf annarra.

Finndu nokkrar greinar fyrir nemendur og biddu þá um að skoða fjölmiðla, samfélagshópa, móttökumiðstöðvar og samtök sem hjálpa flóttamönnum og ríkisfangslausu fólki. Er hægt að hjálpa flóttamönnum eða ríkisfangslausu fólki meira með lagasetningu eða öðrum aðgerðum?

Ef nemendur hafa brennandi áhuga á einhverju málefni, athugaðu hvort þeir geti skrifað bréf til stjórnámálanna til að biðja um að farið verði í frekari aðgerðir á þeim sviðum þar sem þeim finnst að þeirra sé þörf.

Tillaga að lokaorðum til umræðu – ætti að fela í sér tækifæri fyrir nemendur til að velta fyrir sér öðrum leiðum þar sem þeir gætu haft áhrif á samfélagið. Umræðurnar ættu líka að snúast um að nemendur gerðu sér grein fyrir því hvernig það væri að búa í samfélagi þar sem maður er ekki viðurkenndur sem meðlimur hefur ekki réttindi til þess að fá aðgang að þessari þjónustu, eins og á oft við um ríkisfangslausa einstaklinga.

9

HÆFNIVIÐMIÐ

Að skilja raunverulegar aðstæður sem ríkisfangslaus manneskja eða farandfólk sem hefur mögulega ekki réttarstöðu í því landi stendur frammi fyrir

Skref 1: Nemendur byrja á því að skipta sér í hópa og síðan eiga þeir að hringja símtöl eða finna upplýsingar á netinu um það hvernig er hægt að fá aðild að félagasamtökum, stofna reikning eða taka þátt á annan hátt í fjölbreyttu starfi á mismunandi stöðum.

Skref 2: Börnin gætu haft samband við bókasafn í hverfinu til að fá bókasafnsskírteini, haft samband við banka til að stofna reikning, reynt að fá aðild að sundlaug eða íþróttamiðstöð á staðnum, haft samband við annan skóla til þess að finna út úr því hvað þau þurfa að gera til skrá sig í hann, finna út úr því hvað þau þurfa að gera til að fá þjónustu á heilsugæslustöð, hvort þau geti bókað ferðir á ferðaskrifstofu og hvernig þau geta tekið þátt í sveitarstjórnarkosningum. Nemendur sjálfir gætu komið með hugmyndir um hvað þeir myndu vilja skoða.

Skref 3: Nemendur þurfa síðan að búa til lista yfir þau skjöl sem nauðsynleg eru til að fá aðgang eða aðild að þessari þjónustu. Þeir munu þurfa að skoða hvort að ríkisfangslaus fólk eða farandfólk sem er án réttarstöðu í landinu gæti fengið aðgang að þessari þjónustu.

Hérna eru nokkrar spurningar sem gætu hjálpað nemendum að skilja þetta betur:

S 1: „Hverjir fá fæðingarvottorð?“

S 2: „Hverjir fá vegabréf?“

S 3: „Hvernig gæti annað hvort þessara skjala hjálpað til við að fá aðgang að þjónustunni sem er nefnd hér fyrir ofan?“

Skref 4: Leiddu umræður þar sem nemendur velta fyrir sér hvernig þeir gætu hugsanlega hjálpað ríkisfangslausum börnum eða farandfólki sem er án réttarstöðu að fá aðgang að þessari þjónustu.

Tillaga að lokaorðum til umræðu– „Það getur verið flókin staða að hafa ekki réttu skjölin og vera ríkisfangslaus og það getur haft áhrif á marga þætti í lífi fólks, við höfum talað um suma af þessum þáttum hér.“

10

HÆFNIVIÐMIÐ

Að skilja stöðu flóttafólks í mínu landi.

Kannaðu fyrst hvort að foreldrar einhverra barna í bekknum eru flóttamenn.

Sviðsmynd 1: Ef svo er, spyrðu þá hvort þeir væru tilbúnir að deila reynslu sinni af því að vera flóttamaður eða því hvernig líf þeirra var í þeirra heimalandi.

Sviðsmynd 2: Ef ekki, hafðu þá samband við félagasamtök sem aðstoða flóttamenn og spyrðu hvort það sé flóttamaður eða starfsmaður sem gæti heimsótt bekkinn.

Hvettu nemendur til að spyrja eins margra spurninga og þeir geta.

Biddu nemendur að spyrja hvernig þeir gætu aðstoðað og að gera síðan verkefni í sameiningu sem felur í sér endurgjöf frá flóttafólkinu eða frá viðkomandi félagasamtökum

Tillaga að lokaorðum til umræðu– ætti að vera tækifæri fyrir nemendur til að velta fyrir sér öðrum leiðum þar sem þeir gætu haft áhrif á samfélagið. Umræðurnar ættu líka að snúast um að nemendur gerðu sér grein fyrir því hvernig það væri að búa í samfélagi þar sem maður er ekki viðurkenndur sem meðlimur og hefur ekki réttindi til þess að fá aðgang að þessari þjónustu, eins og á oft við um ríkisfangslausa einstaklinga.

Frekara kennsluefni má nálgast hér: [unhcr.org/teaching-about-refugees](https://www.unhcr.org/teaching-about-refugees)

Developed by Mialy Dermish
with contributions by Kyla Webb, Laetitia Lemaistre,
Inge Sturkenboom and Lauren Malesky.

© 2023 UNHCR